



**BS ritgerð  
í viðskiptafræði**

**Góð reikningskilavenja og settar reikningskilareglur á  
Íslandi og í norrænum samanburði**

**Katrín Kaaber**

Leiðbeinendur: Sigurjón G. Geirsson, endurskoðandi og stundarkennari og

dr. Ásgeir Brynjar Torfason, lektor

Júní 2017



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

---

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

**Góð reikningskilavenja og settar reikningskilareglur á Íslandi og í  
norrænum samanburði**

Katrín Kaaber

Lokaverkefni til BS-prófs í viðskiptafræði

Leiðbeinendur: Sigurjón G. Geirsson, endurskoðandi og stundarkennari og

dr. Ásgeir Brynjar Torfason, lektor

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2017

Góð reikningsskilavenja og settar reikningsskilareglur á Íslandi og í norrænum samanburði

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BS-prófs við Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2017 Katrín Kaaber

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Prentsmiðjan Háskólaprent

Reykjavík, 2017

## Formáli

Þessi ritgerð er 6 eininga lokaverkefni til BS prófs í Viðskiptafræðideild á Félagsvísindasviði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn við þetta verkefni var Sigurjón Geirsson, endurskoðandi og stundakennari við Háskóla Íslands.

Ég vil þakka þeim sem komu að og aðstoðuðu mig við gerð þessa verkefnis. Fjölskyldu minni vill ég þakka fyrir þolinmæðina og hvatninguna sem þau hafa veitt mér í gegnum nám mitt. Jóhönnu skólasystur minni vill ég þakka fyrir öll símtölin meðan á verkefninu stóð. Þessi samtöl um reikningskil og heimildir gáfu mér oft nýja sýn á það sem ég var að fjalla um. Sérstaklega vil ég þakka kennaranum mínum, Sigurjóni fyrir leiðsögnina á verkefninu. Hann beindi mér ekki bara inn á leið til að fjalla um efni sem ég hafði áhuga á, heldur dýpkaði hann þekkingu mína til muna á reikningskilum.

## Útdráttur

Í eftirfarandi ritgerð er leitast við að greina hvernig settar reikningskilareglur hafa mótast á Íslandi og er það borið saman við þróun á þessu sviði á hinum Norðurlöndunum.

Verkefnið er samanburðarrannsókn þar sem skoðuð eru fyrirbyggjandi gögn. Í fyrstu er skoðað hvað reikningskil eru og hvað einkennir gæði þeirra. Þá verður skoðað hver munurinn er á settum reikningskilareglum og því sem vísað er í með hugtakinu góð reikningskilavenja. Ítarlega er svo fjallað um ákvæði gildandi ársreikningslaga og settar reikningskilareglur á Íslandi. Því næst er samanburðar um þróun og stöðu reikningskila á hinum Norðurlöndunum. Að lokum er fjallað um hugtakið siðgæði í tengslum við reikningskil. Með þessari umfjöllun verður meðal annars reynt að svara spurningunni hvort settar reikningskilareglur héraendis standist samanburð við settar reikningskilareglur á hinum Norðurlöndunum.

## Efnisyfirlit

|         |   |    |
|---------|---|----|
| 1       | Inngangur.....  | 1  |
| 2       | Reikningsskil.....  | 3  |
| 2.1     | Reikningsskilavenjur og settar reikningsskilareglur ..... | 5  |
| 3       | Reikningsskilavenjur á Íslandi .....                      | 7  |
| 4       | Settar reikningsskilareglur á Íslandi.....                | 9  |
| 4.1     | Ársreikningalögin.....                                    | 9  |
| 4.2     | IFRS .....  | 12 |
| 4.2.1   | IFRS fyrir minni félög.....                               | 13 |
| 4.3     | Reikningsskilaráð .....                                   | 14 |
| 4.3.1   | Reglur Reikningsskilaráðs.....                            | 15 |
| 4.3.1.1 | Regla 1-Grundvöllur reikningsskila.....                   | 15 |
| 4.3.1.2 | Regla 2-Birgðir .....                                     | 16 |
| 4.3.1.3 | Regla 3-Sjóðsstreymi .....                                | 16 |
| 4.3.1.4 | Regla 4-Tekjuskattur .....                                | 17 |
| 4.3.2   | IFRS eftirlit.....  | 17 |
| 4.4     | Samantekt .....   | 18 |
| 5       | Reikningsskilavenjur á Norðurlöndunum.....                | 19 |
| 5.1     | Reikningsskil - söguleg þróun .....                       | 19 |
| 5.1.1   | Danmörk.....  | 19 |
| 5.1.2   | Finnland.....   | 20 |
| 5.1.3   | Noregur .....   | 21 |
| 5.1.4   | Svíþjóð.....  | 21 |
| 5.2     | Norðurlöndin og IFRS .....                                | 22 |
| 5.2.1   | Danmörk.....  | 22 |
| 5.2.2   | Finnland.....   | 22 |
| 5.2.3   | Noregur .....   | 23 |

|       |                                      |    |
|-------|--------------------------------------|----|
| 5.2.4 | Svíþjóð.....                         | 23 |
| 5.3   | Samantekt .....                      | 24 |
| 6     | Siðgæði við gerð reikningsskila..... | 25 |
| 7     | Lokaorð .....                        | 26 |
|       | Heimildir.....                       | 29 |

## 1 Inngangur

Við lifum á öld hraðans, þegar landamæri eru að hverfa, hagkerfi heimsins að tvinnast saman og markaðssvæði að stækka. Ef fyrirtæki ætla að ná árangri á stækkandi markaðssvæðum er nauðsynlegt að þau geti veitt upplýsingar og fengið þær hjá öðrum á sambærilegan hátt. Reikningsskil eru í raun kerfi til að halda utan um slíkar upplýsingar og tæki til að miðla þeim til annarra. Til að upplýsingarnar séu nothæfar á stórum markaði þarf að leita leiða til að samræma þessi kerfi sem fyrirtæki frá ólíkum löndum geta notað.

Mikil þróun hefur verið á reikningsskilum á liðinni öld, bæði út frá lögum og reglum en líka út frá viðmiðum um reikningsskil. Íslensk fyrirtækjamening var í upphafi ekki margbrotin en vegna yfirráða Dana var dönsk löggjöf á þessu sviði í gildi fram að lýðveldisstofnun árið 1944. Eftir að Ísland öðlaðist sjálfstæði þá héldu Íslendingar áfram að líta til Danmerkur og hinna Norðurlandanna við þróun löggjafar héraendis. Átti það líka um þróun viðmiða um reikningsskil. Þrátt fyrir að Norðurlöndin hafi sameignlegan samfélagslegan bakgrunn þá hafa samt öll lönd sín sérkenni. Þessi sérkenni koma fram í reglum og viðmiðum innan samfélagsins og gera það að verkum að venjur og viðmið hvers lands hafa sín sérkenni. Sérkennin hafa síðan áhrif á það sem skilgreint er í lögum og reglum þar með talið hvað er talin góð reikningsskilavenja í viðkomandi landi og á löggjöfina sem skilgreinir hvað skuli teljast settar reikningsskilareglur.

Hagnýtt gildi þessa verkefnis er að varpa ljósi á settar reikningsskilareglur á Íslandi og draga saman hvernig þær standa í samanburði við settar reikningsskilareglur á Norðurlöndunum. Markmiðið er að meta stöðuna héraendis og sjá hvort, og þá hvar, eru brotalamir. Með því að skoða efnið í sögulegu samhengi, eins og gert er í verkefninu, má varpa skýrara ljósi á hvernig unnið hefur verið að setja reikningsskilareglur héraendis og ef munur er hér og á hinum Norðurlöndunum, hvernig standi á þeim mun. Með því að skoða þetta efni í þessu ljósi má fá gleggri mynd af stöðunni og þannig fá skýrari mynd af því hvað þarf að gera til að efla forsendur gæða reikningsskila héraendis. Í verkefninu er reynt að svara því hvort íslenskar reglur standist þær gæðakröfur sem gerðar eru til reikningsskila á hinum Norðurlöndunum. Einnig verður athugað hvort reikningsskilavenja héraendis hafi



þróast á sambærilegan hátt og á hinum Norðurlöndunum, með tilliti til forsenda góðra og samræmdrar framsetningar reikningsskila fyrirtækja.

Í ritgerðinni er í fyrstu fjallað um tilgang og hvað megi skilgreina sem reikningsskil af góðum gæðum. Að því loknu verður fjallað um hver sé munurinn á milli settra reikningsskilareglna og góðra reikningsskilavenja og hugtökin skilgreind. Þá verður fjallað um hvernig reikningsskil hafa þróast á Íslandi og hvað hefur haft áhrif á þá þróun. Síðan verður fjallað um settar reikningsskilareglur á Íslandi. Í þeim tilgangi verður skoðuð hvaða atriði það eru sem móta ákvæði gildandi ársreikningalaga. Einnig verður fjallað um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) og í því sambandi fjallað sérstaklega um þróunina á reikningsskilastaðli fyrir minni félög, IFRS-SME. Saga reikningsskilaráðs hér á landi verður síðan rakin og fjallað um hvaða reglur ráðið hefur sett. Þar á eftir verður dregið saman hvað telst vera settar reikningsskilareglur héraðs. Eftir það verður skoðuð þróun reikningsskila á Norðurlöndunum og hvernig staðan er þar í dag. Að lokum verður fjallað um það sem nefna má siðgæði reikningsskila og útskýrt mikilvægi þess út frá umfjöllunarefni ritgerðarinnar.

## 2 Reikningsskil

Vandaðar fjárhagsupplýsingar sem notendur reikningsskila geta byggt ákvarðanir sýnar á eru afar mikilvægar fyrir skilvirkni fjármálamarkaða. Ársreikningur fyrirtækja byggir á reikningshaldi þeirra, sem aftur byggir á tvíhliða bókhaldi. Í ársreikningnum er að finna upplýsingar sem settar eru fram á stöðluðu formi sem lýsa stöðu félags fyrir fyrirtækjum, fjárfestum og lánveitendum, eftirlitsaðilum og öðrum haghöfum. Reikningsskilastaðlar eru viðmið og reglur um hvernig staðið skuli að mati liða í ársreikningi og hvernig skuli setja fram ársreikninga. Reikningsskilastaðlar tryggja stöðlun upplýsinga sem nýttar eru á markaðnum. Fyrirtæki skulu fylgja með samræmdum hætti tiltekinum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna (IFRS foundation, 2017).

Í byrjun tuttugustu aldar var almennt litið svo á að viðfangsefni reikningsskila væri sértækt, háð aðstæðum og þyrfti að aðlaga að hverju fyrirtæki fyrir sig. Stjórnendur ættu að geta notað faglega innsýn sína til að velja reikningsskilaaðferð sem hentaði þeirra fyrirtæki Þegar kreppan mikla skall svo á árið 1929 varð hugarfarsbreyting. Kallað var eftir samræmdari vinnubrögðum við mat og framsetningu ársreiknings sem myndu takmarka valmöguleika stjórnenda við reikningsskil. Þetta leiddi þó af sér of mikla reglufesti (e. excessive overregulation) á sumum stöðum (Wüstemann & Wüstemann, 2010). Tvö sett reikningsskilastaðla eru ríkjandi í heiminum í dag. Annars vegar er það GAAP US staðlarnir, sem bandaríska reikningsskilaráðið gefur út, sem byggja á reglu-miðaðri (e. rule-based) nálgun og hins vegar IFRS, sem alþjóðareikningsskilaráðið gefur út, sem byggja á meginreglu-miðaðri (e. principles-based) nálgun. Evrópusambandið hefur tekið upp IFRS fyrir skráð félög. (Weygandt, Kimmel, & Kieso, 2014). Sem fyrr segir er bandarískir reikningsskilastaðlar viðurkenndir sem grundvöllur í alþjóðlegum viðskiptum en þó svo að bandarísk fyrirtæki séu ekki skyldug til að nota IFRS þá geta skapast aðstæður þar sem þau þurfa þess. Það á sérstaklega við hjá bandarískum dótturfélögum þar sem móðurfélagið er staðsett í landi sem krefst IFRS notkunar. Einnig getur þetta átt við bandarísk félög sem hafa hluta af starfsemi sinni í löndum, líkt og löndum Evrópusambandsins og sumum löndum Suður og mið-Ameríku, sem hafa innleitt lagalega skyldu að nota IFRS. Einnig getur

það skapað betri samkeppnishæfni fyrir bandarísk félög að nota IFRS ef keppinautar þeirra eru staðsettir í löndum sem nota IFRS (Gannon, 2005). Ekki eru menn á eitt sáttir með hvort sé betra, reglu-miðuð eða meginreglu-miðuð nálgun til að setja staðla um reikningsskil. Ef það er ósamræmi í stöðlunum gefa bæði meginreglu og reglumíðuð reikningsskil stjórnendum tækifæri á að velja milli reikningsskilastaðla eða ákvæða í þeim. Því er aðeins hægt að ná samræmingu í reikningsskilum ef staðlarnir sem notaðir eru, eru samræmdir innbyggðis. Þetta hefur verið notað sem rök fyrir því að reikningsskil sem byggð eru á meginreglum eingöngu nái ekki fyllilega að tryggja samræmingu sem til þarf þar sem stjórnendur noti dómgreind sína á mismunandi hátt við að leysa úr eins verkefnum. Hins vegar virkar ekki heldur reikningsskil sem byggja eingöngu á reglum, þar sem regluverkið getur aldrei náð yfir alla þætti eða allar aðstæður (Wüstemann & Wüstemann, 2010). Ekki eru til ein viðurkenning algild skilgreining á tilgangi ársreikninga. Á meðan sumir telja að ársreikningar séu til þess eitt fallnir að varpa ljósi á hvað hefur verið gert hjá fyrirtækinu í fortíðinni þá telja aðrir að megin hlutverk þeirra sé að gefa fjárfestum tækifæri til að meta arðsemi fyrirtækja svo þeir geti ákveðið hvort fyrirtækið sé góður fjárfestingakostur (Alfredson og fl., 2007). En hvorn tilganginn sem menn telja réttan þá er alltaf mikilvægt að beita viðurkenndum reikningsskilaaðferðum með samræmdum hætti til að ársreikningurinn þjóni sínum tilgangi

Það eru fjögur megin atriði sem einkenna ársreikninga af góðum gæðum, en þau eru skiljanleiki, gagnsemi, áreiðanleiki og samanburðarhæfni. Skiljanleiki merkir að hver sá sem hefur undirstöðu kunnáttu í að lesa ársreikninga eigi að geta auðveldlega lesið ársreikning sem lagður er fram. Gagnsemi felst í tveimur þáttum, mikilvægi og tímasetningu. Mikilvægi merkir að upplýsingarnar sem koma fram geta verið fjárhagslega mikilvægar fyrir ákvörðunartöku lesanda. Tímasetningin felst hins vegar í því að ársreikningurinn er settur fram á þeim tímapunkti þar sem upplýsingarnar koma að gagni fyrir lesandann. Áreiðanleikinn kemur fram í því hvort upplýsingarnar sem koma fram í ársreikningum eru viðeigandi (e. *relevant*). Ársreikningur á að lýsa stöðunni eins og hún er í dag, ekki spá stjórnenda um framtíðina. Einnig þarf hann að sýna raunverulega hagræna stöðu en ekki lagalega stöðu. Sem dæmi í fjármögnunarleigu þar sem leigutakinn eignfærir hjá sér leiguna þó hann verði ekki lagalegur eigandi fyrr en að leigutíma liðnum. Einnig fellst það í áreiðanleika að upplýsingarnar séu ekki settar þannig fram að þær leiði lesandann í að taka

ákvörðun sem stjórnandinn vill eða farið sé of varlega í að meta eignir og skuldir. Að lokum er það samburðarhæfnin en nauðsynlegt er að framsetningin sé þannig uppbyggð að hægt sé að bera saman ársreikninga ólíkra fyrirtækja á traustan og skilvirkan hátt (Alfredson og fl., 2007).

## 2.1 Reikningsskilavenjur og settar reikningsskilareglur

Góð reikningsskilavenja er almennt viðurkennt samkomulag sem yfirvöld í tilteknu landi styðja á ákveðnum tíma á því hvernig fjárhagslegar skuldibindingar skulu skrá sem eignir og skuldir og hvernig reikningsskil skulu framsett í ársreikningi. Einnig hvaða breytingar á eignum og skuldum skuli skrá og hvernig skuli meta þær og hvernig mæla skuli breytingar á þeim. Góð reikningsskilavenja gefur einnig til kynna hvaða upplýsingar skuli afhenda og hvaða fjárhagsskýrslur skuli útbúa (Utanríkisráðuneytið, 2017). Settar reikningsskilareglur vísa til þess sem búið er að lögfesta, þess sem hefur lagastoð. Samkvæmt 35. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga (3/2006) eru settar reikningsskilareglur hér á landi, alþjóðlegir reikningsskila staðlar samkvæmt 1. tölul. sömu greinar og reglur sem reikningsskilaráð gefur út samkvæmt 119. gr. sömu laga. Í 119. gr. er sagt að reikningsskilaráð eigi að stuðla að mótnun settra reikningsskilareglna með því að gefa út og kynna samræmdar reglur sem fara þarf eftir við gerð reikningsskila og birta þær opinberlega. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga (195/1997) um bókhald segir að bókhaldið eigið að vera í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar, bókhaldsvenju og settar reikningsskilavenjur, eins og hún er á hverjum tíma, með tilliti til umfangs rekstrar og eðli starfseminnar. Ráðið þarf að starfa með hagsmunaaðilum og þá sérstaklega Félagi löggiltra endurskoðenda og vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld í laga- og reglusetningum um reikningsskil.

Munurinn á settum reikningsskilareglum og þess sem vísað er til sem góð reikningsskilavenja er sá að settar reikningsskilareglur eru reglur sem stjórnvöld eru búin að ákveða að notaðar skulu í reikningshaldi, á meðan reikningsskilavenjur eru þau viðmið (e. *norm*) sem sátt er um að rétt sé að notast við mat og framsetningu reikningshalds. Reikningsskilavenjur eru þannig í raun það siðgæði (e. *moral*) sem almennt er viðurkennt að rétt sé að nota, þar sem til að mynda, er boðskapur reikningsskilaráðs settur fram í formi umræðuskjala og álit um túlkun á að hafa áhrif á það hvað sé þá talið vera góð

reikningsskilavenja sem ber að fylgja. Þannig ætti álit reikningskilaráðs um túlkun tiltekins staðals á Íslandi út frá aðstæðum hér á landi að hafa áhrif á það hvað sérfræðingar, þeir sem sjá um gerð ársreiknings og endurkoðun þeirra, velja þegar álitamál koma upp. Inn í þetta kemur einnig ákvæði 5. gr. ársreikningalaga um að ársreikningurinn skuli gefa glögga mynda af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé. Þetta ákvæði krefst eðli máls samkvæmt að lagt sé huglægt mat sem byggir á eigindlegum forsendum fremur en hvað er glögg mynd. Ef ákvæði laga nægja ekki til að ársreikningurinn gefi glögga mynd skal veita viðbótarupplýsingar. Lagaákvæði þetta er í eðli sínu ákvæði sem byggir á meginreglu sem háð er túlkun þess hvaða framsetning og hvaða matsaðferð við tiltekna aðstæður teljist gefa glögga mynd og hvaða viðbótarupplýsingar þurfi að gefa til að ársreikningurinn gefi glögga mynd

### 3 Reikningsskilavenjur á Íslandi

Reikningsskil á Íslandi hafa þróast undir sterkum áhrifum frá reikningsskilavenjum í Danmörku og lagasetningu á þessu sviði þar í landi. Þar af leiðandi hafa reikningsskilalögin hér á landi verið mjög tengd skattalöggjöfinni og blönduð regluverkinu og stöðlunum eins og tilfellið er í Danmörku. Fyrstu lög hér á landi sem snerta skráningu viðskipta voru sett með lögum um verslunarbækur árið 1911. Þessi fyrstu lög tóku á skráningu viðskipta í tiltekna bókhaldsbækur og refsingar, ef ekki var farið eftir reglunum, en ekki voru neinar efnisreglur í lögnum. Verslunareigendur voru með lögnum skyldaðir til að semja yfirlit um efnahag sinn einu sinni á ári en ekki var farið fram á skráningu rekstrarreiknings. Fyrstu bókhaldslögin eru síðan samþykkt 1938 og þó svo að þau hafi ekki innihaldið ítarlegri reglur um skráningu ársreikninga þá innihéldu þau fyrstu efnislegu bókhaldsregluna sem lögfest var á Íslandi (Stefán Svavarsson, 1995). Þegar Norðurlandaráðið byrjaði á vinnu sinni um sameiginlega sýn tengt mótun reikningsskilastaðla voru öll fimm Norðurlöndin með í vinnunni. En Ísland dró sig úr vinnunni tveimur árum áður en tillagan var sett fram (Monsen & Wallace, 1995). Árið 1968 voru hér á landi síðan samþykkt á ný bókhaldslög og voru þau að miklu leyti samin upp úr lögum eða frumvörpum til laga frá hinum Norðurlöndunum. Í þessum lögum voru að finna ákvæði um form og innihald ársreikninga. Það sem er merkilegt við þessi lög er að í þeim kemur fram hugtakið góð reikningsskilavenja, en það hugtak hafði þá ekki birst í löggjöf hinna Norðurlandanna. Í endurskoðun bókhaldslaganna 1991 er reikningsskilaráði komið á fyrir atbeina Félags löggiltra endurskoðenda. Reikningsskilaráð var þó ekki lengi undir bókhaldslögnum því 1994 eru samin fyrstu lög um Ársreikninga á Íslandi og reikningsskilaráð fært undir þau lög á sama tíma og nýjustu lög um bókhald voru samþykkt (Stefán Svavarsson, 1995)



## 4 Settar reikningsskilareglur á Íslandi

### 4.1 Ársreikningalögin

Síðustu breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 tóku gildi 16. júní 2016 og voru þær til þess að innleiða breytingar á ársreikningatilskipun 2013/34/ESB Evrópu sambandsins auk þess að einfalda regluverkið (Minnisblað nr. 1269/2015–2016). Almenn ánægja var með að lögum um ársreikninga væri breytt til samræmis við tilskipanir Evrópusambandsins. Hins vegar komu fram töluvert af athugasemdum. Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið tók þessar athugasemdir saman. Sumar athugasemdirnar fjölluðu um orðalag eða skilgreiningar og tók ráðuneytið tillit til þeirra eftir því sem við átti. Í þeim tilfellum sem ráðuneytið var ekki sammála þá var svarað með röksemdarfærslu og átti það sérstaklega við skilgreiningarnar, en oftast var þá vísað í ESB tilskipunina (Minnisblað nr. 1269/2015–2016).

Ríkisendurskoðun og Fjársýsla ríkisins gerðu athugasemd um gildissvið laganna og töldu að víkka þyrfti þau út til að ná bæði til opinberra aðila á markaði og lána- og fjármálastofnanna hins opinbera. Ráðuneytið taldi það óþarfi þar sem skilgreining félaga sem þau taka til ná yfir félög hvort sem þau séu í eigu opinberra aðila, lögaðila eða einstaklinga. Einnig var farið yfir hvaða önnur lög giltu um þessi félög sem frekar renndi stoðum undir það að útvíkkun laganna væri óþörf (Minnisblað nr. 1269/2015–2016).

Þau þrjú atriði sem vógu þyngst í greinagerðunum frá atvinnulífinu voru skilgreindar stærðir félaga á Íslandi, hvaða félög eru skyldug til að birta ársreikninga sína og refsirammistjórnvalda fyrir vanskil og ófullnægjandi skil ársreikninga. Viðskiptaráð Íslands var ánægt með að sett yrði refsheimild fyrir vanskil og ófullnægjandi ársreikningaskil en taldi hins vegar að refsheimildin væri alltof íþyngjandi (Umsögn nr. 866/2015–2016). Samtök atvinnulífsins töldu refsheimildina einnig alltof stranga (Umsögn nr. 875/2015–2016). Félag atvinnurekenda gerði einnig athugasemd við refsirammann og bentu á að dagsetningin sem sett var fram er sú sama og síðasti frestur er til að halda aðalfund. Hlutahafar hafa lagaheimild til að boða framhaldsfund innan tveggja mánaða og því væri lagalegur réttur hluthafa til að halda fund á skjön við refsirammann, en aðalfundur þarf að



sampykkja ársreikninga félagsins. Ríkisskattstjóri taldi ekki rétt að 70. gr. laganna um að refsing gegn ófullnægjandi skilum væri ekki gerð endanleg, heldur væri hægt að skjóta henni til æðra stjórnvalds. Það væru því aðeins vanskil sem væru með endanlegum úrskurði. Ástæða þessarar athugasemdar var sú að hvað teldist ófullnægjandi skil væri matsatriði ólíkt vanskilum og bæri samkvæmt góðum opinberum stjórnsýsluvenjum að vera kæranleg ákvörðun (Umsögn nr. 858/2015–2016). Fjármálaeftirlitið benti á að samkvæmt sinni reynslu þá væri skilvirkara að hafa stjórnsýsluviðurlög en refsingu fyrir þessum brotum. Flest þau brot sem um ræddi krefðust ekki rannsókna sem við þarf að hafa í refsingum en gæta þyrfti þess að það embætti sem ætti að beita slíkum stjórnsýsluviðurlögum yrði aflað mannsafla og fjármagns til að geta sinnt sínu hlutverki sem skyldi (Umsögn nr. 871/2015–2016). Ráðuneytið rökstuddi með vísan í önnur lög að ekki þurfi að hafa úrskurðarnefnd þar sem aðilum sé ávallt heimilt að fara með mál sín fyrir dómstóla og til séu nú þegar stjórnvaldssektir sem lúti þessari reglu. Ráðuneytið lagðist þó ekki gegn því að hægt væri að leita til æðra stjórnvalds með ákvarðanir vegna ófullnægjandi skila en taldi það óþarfi þegar um vanskil væru að ræða. Um gagnrýni á að senda mál beint til héraðssaksóknara er rökstuðningurinn sá að málum væri, samkvæmt lögnum, skipt í tvo flokka eftir alvarleika. Ársreikningaskrá sæi um að innheimta stjórnvaldssektir en að mál sem færu til héraðssaksóknara væru af þeim toga að þau varði við refsheimildir. Verður það í höndum Ársreikningaskrár að taka ákvörðun um hvort mál verði send til lögreglu til rannsóknar. Rökstuðningur þess að Ársreikningaskrá væri heimilt að fella niður hluta af sekt, sem væri áfallin ef bætt væru úr annmökum innan ákveðins tíma, var vísað til norrænnar fyrirmyndar þar sem slík ákvæði hefðu verið notuð innan sama málaflokks svo og annarra. Einnig vísaði ráðuneytið til þess að slíka heimild mætti einnig finna í lögum héraðs (Minnisblað nr. 1269/2015–2016).

Samtök Atvinnulífsins taldi að minni fyrirtæki ættu rétt á því að skila ekki ársreikningum þar sem það gæti verið hagsmunamál fyrir þau að gera þá ekki opinbera. Hins vegar fannst þeim eðlilegt að gera kröfu á miðlungs og stór fyrirtæki að skila ársreikningum (Umsögn nr. 875/2015–2016). Einnig gerðu þeir ásamt Viðskiptaráði Íslands athugasemd um að skilgreiningin á örfélögum væri þrengri hér en í Evrópu sambandinu (Umsögn nr. 866/2015–2016). Félag atvinnurekenda var einnig sammála öðrum fulltrúum atvinnulífsins að betra væri að halda sig við skilgreiningar Evrópusambandsins á stærðum félaga til að koma í veg

fyrir misræmi. Einnig var tekið fram að með því að þrengja stærðarrámmann væri verið að skerða rétt félaga sem áður höfðu getað nýtt sér heimild til að skila samandregnum reikningi (Umsögn nr. 847/2015–2016). Samkvæmt tilskipun Evrópu sambandsins verða aðilar þess og samnings aðilar EES-samningsins að fara eftir stærðarviðmiðum tilskipunarinnar, þó leyfilegt sé að hnika viðmiðunartölunum, sem gefnar eru upp í evrum, um allt að 5% til að fá viðmiðunarfjárhæðir í lögeyri, hjá litlum, meðalstórum og stórum félögum. Hins vegar er valkvætt fyrir þjóðir hvernig þær skilgreina örfélög. Hér munu 80% félaga falla undir skilgreininguna þar sem hún er töluvert þrengra skilgreind en tilskipunin gefur út. Talið er að um 75% félaga falli undir skilgreiningu örfélaga í Evrópu samkvæmt tilskipuninni en sumstaðar er hlutfallið þó allt að 90% (Unnar Friðrik Pálsson, 2016). Ráðuneytið taldi að það væru um 82% fyrirtækja héraendis sem myndu falla undir skilgreiningu örfélaga. Það benti á að þar sem ekki væri talið fram í evrum þyrfti að endurskoða á 5 ára fresti reglur um fjárhæðir. Því væri rétt að gæta varúðar í byrjun og sjá hvaða áhrif einföldun ársreikninga örfélaga, og þar af leiðandi skertari upplýsingagjöf, kæmi út fyrir viðskiptalífið og annað eftirlit í byrjun (Minnisblað nr. 1269/2015–2016).

Í greinargerð Sigurjóns Bjarnasonar frá Félags Bókhaldsstofa (Umsögn nr.1048 /2015–2016) eru gerðar sömu athugasemdir og hjá hinum aðilunum en þeir lögðu líka áherslu á að sá sem semdi ársreikninginn yrði að árita hann, þannig að hægt væri að meta hæfni hans þar um, en ekki bara ef viðkomandi væri endurskoðandi eða skoðunarmaður. Ráðuneytið tók ekki undir þessa athugasemd þar sem ábyrgðin á gerð og skilum ársreiknings liggja hjá stjórn og framkvæmdarstjórum félaga. Undirritunin er aðeins staðfesting að endurskoðandi eða skoðunarmaður hafi yfirfarið reikninginn, ekki að hann hafi samið hann. Hins vegar gerði Félag Endurskoðenda athugasemd um að nauðsynlegt væri að samin yrði reglugerð um hæfi skoðunarmanna og KPMG vildi að ákvæði um skoðunarmenn væri fellt út, en að lágmarki væri fjallað um það í lögunum hver lágmarksþekking þeirra þyrfti að vera, ekki væri nóg að setja það í reglugerð. Ráðuneytið var sammála Félagi löggiltra endurskoðenda að slík reglugerð væri nauðsynleg og þyrfti að komast á sem allra fyrst. Sem svar til KPMG þá vísaði það til þess að þegar ársreikningalögin voru samþykkt 2008 hafi ekki náðst samstaða um að fella út skoðunarmenn og því var það sett í reglugerð. Félag atvinnurekenda gagnrýndi það að lögin færu fram úr tilskipuninni um stærðir félaga sem þyrftu að kjósa sér endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Ráðuneytið rökstuddi það

að tilskipunin setti aðeins lágmark á hvaða fyrirtæki þyrftu þess en með því að víkka út heimildina þá næði það til 4-5% félaga héraendis í stað 1,2% félaga. Því var lagt til að breyta þessu ekki í fyrstu (Minnisblað nr. 1269/2015–2016).

Ríkisendurskoðun gerði athugasemd við breytingu á skipun í reikningsskilaráð. Samkvæmt fyrri reglum áttu þeir áheyrnafulltrúa í ráðinu en ættu nú að skipa sjötta aðilann. Þeir töldu nær að innleiða alþjóðlega reikningsskila staðla í stað þess að vera með ráð sem hefur það hlutverk að setja viðmiðunarreglur og leiðbeiningar fyrir félög sem lúta ekki alþjóðlegum stöðlum. Má þá leiða líkum að því að þeir telji betra að öll íslensk félög lúti sömu reglum og betra sé að miða við alþjóðlega staðla (Umsögn nr. 1328/2015–2016). Félag löggiltra endurskoðenda setti fram athugasemd um nauðsyn þess að skipað yrði að nýju í reikningsskilaráð. Ráðuneytið tók undir mikilvægi þess að skipað væri í ráðið sem allra fyrst og að skipað væri 5 manna ráð. Myndu Háskóli Íslands (sem varð samstarfsnefnd háskólastigsins) og Félag löggiltra endurskoðenda áfram tilnefna sitthvorn aðilann, Viðskiptaráð tilnefni þann þriðja, ársreikningaskrá, sem eftirlitsaðli tilnefndi þann fjórða en einn aðili sé skipaður án tilnefninga. Skipun formanns væri svo í höndum ráðherra úr hópi þessara fimm aðila (Minnisblað nr. 1269/2015–2016).

## 4.2 IFRS

Eftir því sem að landamæri fjármálamarkaða fór að afmást með aukinni hnattvæðingu varð krafa hagsmunaaðila um aukna samræmingu í ársreikningunum milli landa, sérstaklega á þeim svæðum þar sem markaðir voru samtvinnaðir. Kröfur til ársreikninga og árshlutareikninga voru oft mismunandi sem olli því að sumir þeirra virtust hreint ekki full gerðir. Árið 1972 ákváðu því níu lönd að stofna alþjóðlegt reikningsskilaráð eftir að Sir Henry Besson hafði lagt slíkt til á tíundu alþjóðlegu endurskoðendaráðstefnunni sama ár. Ráðið tók til starfa strax næsta ár og hafði það aðsetur í London, þar sem öll löndin áttu sína fulltrúa. Ráðið stækkaði hratt og árið 2000 voru 112 lönd meðlimir í ráðinu og fulltrúarnir orðnir 152 (Alfredson, og fl., 2007). Þessi þróun varð til þess að reikningsskilavenjur í heiminum urðu samræmdari en áður.

Markmiðið með IFRS er að þróa reikningsskila staðla sem auka gagnsæi og gera fjármálamarkaði í heiminum ábyrgari og skilvirkari. Það eru almannahagsmunir að hagkerfi heimsins einkennist af trausti, vexti og langtímastöðugleika. Aukið gagnsæi, með því að

auka alþjóðlegan samanburð og bæta upplýsingaflæði, gefur fyrirtækjum og fjárfestum tækifæri til að taka betur upplýstar ákvarðanir. Ábyrgð eykst með því að minnka bilið sem er á upplýsingarflæði milli þeirra sem nýta fjármagnið annars vegar og fjárfesta og lánveitenda hins vegar. Gott upplýsingaflæði eykur einnig ábyrgð stjórnenda. Alþjóðlegir reikningsskila staðlar eiga að auka þetta upplýsingaflæði og auðvelda líka eftirlitsstofnunum að gegna hlutverki sínu. Með notkun alþjóðlegra reikningsskila eykst einnig hagkvæmni þar sem fjárfestar eiga auðveldara með að greina tækifæri og áhættu um allan heim og fyrirtæki geta lækkað rekstrarkostnað með því að nýta eitt traust bókhaldsform sem nýtt er víða, og dregið þannig úr alþjóðlegri skýrslugjaldtöku (IFRS foundation, 2017). IFRS staðlarnir eru alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem eru þróaðir og viðhaldið af alþjóðlega reikningsskilaráðinu, þannig geta allir fjárfestar og aðrir notendur reikningsskila borið saman fjárhagsstöðu félaga skráðra á markaði út frá sömu forsendu. Auk IFRS stjórnarinnar koma að þróun þeirra hagsmunaaðilar og IFRS-stofnunin, hún er stofnun í almannabágu sem hefur hlotið verðlaun fyrir gagnsæi og þátttöku hagsmunaaðila (IFRS-foundation, 2017). Þann 19. júlí 2002 ákvað Evrópusambandið með tilskipun að öll skráð félög innan þess ættu að notast við IFRS staðlana í reikningsskilum sínum. Ákveðið var að tilskipunin myndi taka gildi frá reikningsárinu sem hæfist 1. janúar 2015 (Deloitte, 2017b).

#### **4.2.1 IFRS fyrir minni félög**

Í upphafi þegar Alþjóðareikningsskilaráðið fór að þróa IFRS staðlana voru þeir fyrst og fremst nýttir af fyrirtækjum á alþjóðlegum markaði. Notendur ársreikninga smærri fyrirtækja hafa ekki sömu þarfir og stór fyrirtæki á markaði. Í hverju landi setti löggjafinn svo eigin reikningsskilareglur sem festir það í lög hvaða reikningsskilaaðferðum skuli beita við gerð ársreiknings. Í seinni tíð hafa mörg lönd valið að nýta sér IFRS staðlana sem settar reikningsskilareglur að minnsta kosti fyrir skráð félög með því að innleiða þá í lög eða nýtt sér þá til hliðsjónar við lagasetningu á eigin reikningsskilareglum. Í Evrópu skulu öll félög á markaði fylgja IFRS eins og áður hefur komið fram. Þar sem mörg fjármálafyrirtæki eru að vinna þvert á landamæri landa þá kviknar sú nauðsyn að samræma líka reikningsskilavenjur hjá öðrum félögum en þeim sem eru skráð. Slík félög þurfa að hafa viðskipti við fjármálafyrirtæki vegna lána, samninga við stóra byrgja vegna sölusamninga og þróunarstofnanna og erlendra fjárfesta. Allt þetta kallar á samræmdar reikningsskilareglur til að auðvelda störfin og auka gagnsæi ársreikninga. Einnig er það kostnaðarsamt fyrir ríki

að þróa eigin reikningsskilareglur. Á þessum grunni ákvað Alþjóðareikningsskilaráðið að búa til sérstaka staðla fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Staðlarnir eru byggðir á upprunalegu IFRS stöðlunum en eru aðlagðir að þörfum smærri fyrirtækja. Vinna IFRS „for small and medium-sized entities“ (*IFRS-SME*) hófst 2003 og lauk með því að þeir voru fyrst gefnir út 9. júlí 2009 (International Accounting Standards Board, 2009).

### 4.3 Reikningsskilaráð

Reikningsskilaráð tók fyrst til starfa 1992 og var meginhlutverk ráðsins að kynna og gefa út samræmdar reglur til að stuðla að betri reikningsskilavenjum. Ráðið skyldi skipað af ráðherra og var starftími þess fjögur ár í senn. Þrjú aðilar skyldu tilnefna einn aðila hver en það voru Félag löggiltra endurskoðenda, viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og Verslunarráð Íslands. Fjórti aðilinn inn í nefndina skyldi síðan vera ríkisendurskoðandi en fimmti aðilinn skyldi ekki vera tilnefndur (Félag löggiltra endurskoðenda, 1996). Árið 2003 sagði þáverandi formaður reikningsskilaráðs sig frá störfum ráðsins vegna óánægju með stefnu stjórnvalda um endurskoðun á lögum um ársreikninga, þar sem hann taldi að athugasemdir reikningsskilaráðs hafi verið hundsáðar. (Signý Magnúsdóttir og Helgi Einar Karlsson, 2016). Stefán Svavarsson þáverandi formaður taldi að of mikil áhersla væri á að lagfæra villur í lagatextum Evrópuráðsins í stað þess að innleiða alþjóðlega reikningsskila staðla. Tók hann sem dæmi að hér væri verið að setja í lög svokallaða samlegðaraðferð sem gerði það að verkum að afkoma og eignarstaða sýndist önnur en hún væri. Þessi aðferð væri til að mynda ekki leyfð í Svíþjóð sem væri partur af Evrópusambandinu og aðrar þjóðir væru að hugleiða afnám hennar. Einnig taldi hann að fyrirtæki hérlendis hundsúðu ársreikningalögin og að ekki væri nægileg virðing borin fyrir þeim (Morgunblaðið, 2003).

Ekki eru allir á eitt sáttir hvort þörf sé á reikningsskilaráði. Reglur reikningsskilaráðs hafa ekki verið mjög aðgengilegar þrátt fyrir að það sé vísun í þær í lögum. Nauðsynlegt er að lög og reglur séu aðgengilegar til þess að hlutaðeigandi aðilar geti farið eftir þeim. Samkvæmt Signýju Magnúsdóttur og Helga Einari Karlssyni (2016) er gert ráð fyrir í fjárlögum 2016 kemur fram að varið skuli fé til reikningsskilaráðs og því sé hægt að álykta að stefnan sé að endurreisa reikningsskilaráð. Hins vegar sé umhugsunarefni hvort ekki sé betra að leggja það bara niður og vísa til alþjóðlegra reikningsskila staðla ef leiðbeiningar laganna eru ekki fullnægjandi. Aðrir telja hlutverk reikningsskilaráðs nauðsynlegt til að skýra ýmis vafaatriði

sem geta vaknað í meðferð alþjóðlegra reikningsskila staðla. Nauðsynlegt er að hafa virkt reikningsskilaráð með vel skilgreindu umboði. Ýmis álitamál geta komið upp þó svo að löggjafinn reyni að hafa lagaákvæði skýr og greinagóð. Reikningsskilaráð þarf því að vera til staðar til að geta tekið á álitamálum (Unnar Friðrik Pálsson, 2016). Aðrir benda einnig á að nauðsynlegt sé að reikningsskilaráð sé starfrækt til að setja reglur fyrir smærri félög sem ekki ber að fylgja IFRS.

Þann 28. desember 2016 var skipað í reikningsskilaráð að nýju samkvæmt 118. gr. laga nr. 3/2006 (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2017). Samkvæmt 119. gr. ársreikningslaganna skal Reikningsskilaráð stuðla að mótun settra reikningsskilareglna með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila. Ráðið skal gefa álit á því hvað teljast settar reikningsskilareglur á hverjum tíma og setja reglur. Hlutverk reikningsskilaráðs er þannig bæði að gefa út reglur sem varða þau félög sem ekki fylgja IFRS og að stuðla að því að sami skilningur liggi til grundvallar reikningsskilum hjá félögum sem starfa á íslenskum markaði sem einnig getur þú varðar túlkun á IFRS. Ráðið skal starfa í nánú samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og hagsmunaaðila. Það er einnig stjórnvöldum til ráðuneytis um ákvæði sem sett eru í lögum eða reglugerðum um reikningsskil.

#### **4.3.1 Reglur Reikningsskilaráðs**

Hlutverk Reikningsskilaráðs er að kynna og gefa út samræmdar reglur til að stuðla að betri reikningsskilavenjum. Í þeim tilgangi gaf þáverandi reikningsskilaráð út nokkrar reglur en þær eru útfrá löggjöf þess tíma.

##### **4.3.1.1 Regla 1-Grundvöllur reikningsskila**

Fyrsta regla reikningsskilaráðs fjallar um grundvöll reikningsskila og hlutverk hennar var að vera leiðbeinandi fyrir hagsmunaaðila og grundvöllur fyrir frekari reglur ráðsins. Einnig á hún að vera hjálpargagn við að leysa úr erfiðum úrlausnarefnum og hjálpa lesendum við að meta gæði reikningsskila hjá fyrirtækjum og stofnunum. Í henni er fjallað um hvaða almennu reglur gilda um reikningsskil. Með því að skýra lykilhugtök og reglur reikningsskila þá er verið að minnka líkur á að notendur þeirra rangtúlki upplýsingar sem reikningsskil veita (Heimir V. Haraldsson, og Reikningsskilaráð, 1999).

#### **4.3.1.2 Regla 2-Birgðir**

Önnur reglan fjallar um birgðir og hvernig skuli meðhöndla þær í reikningsskilum. Birgðir eru skilgreindar sem eignir félags sem eru til sölu í venjulegum rekstri, vörur í vinnslu sem ætlaðar eru til síðar eða vörur sem eru ætlaðar til nota í tengslum við vöruframleiðslu eða sölu á þjónustu. Birgðir skulu skráðar á kaupverði þ.e. það sem þær kostuðu upphaflega en ekki söluverðmæti þeirra eða dagsverði þ.e. áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að fullgera hana og áætluðum sölukostnaði. Ekki er valkvætt að nota dagsverð eða kaupverð heldur skal nota það sem lægra reynist. Birgðir eru sundurgreindar í efnahagsreikningi eða skýringum í þrjá flokka eftir því sem tilefni er til (Heimir V. Haraldsson, og Reikningsskilaráð, 1999).

#### **4.3.1.3 Regla 3-Sjóðstreymi**

Þriðja reglan sem reikningsskilaráð gaf út fjallar um sjóðstreymi. Sjóðstreymisreglan var sett fram á þeim tíma að sjóðstreymi var að leysa fjármagnsstreymi af hólmi og lög þess tíma gerðu ráð fyrir að félög gæti valið milli aðferðanna. Reglurnar og skilgreiningar voru að mestu unnar upp úr IAS 7 staðlinum. Sjóðstreymi á að hafa þrjár tegundir hreyfinga, rekstrarhreyfingar, fjárfestingarhreyfingar og fjármögnunarhreyfingar en einnig geta verið óreglulegir liðir sem hafa áhrif og skal þeirra getið í skýringum. Einnig þarf að koma fram í skýringum greiðsluáhrif vaxta, greiddur tekju- og eignarskattur en svo getur líka verið nauðsynlegt að koma að greiddum og mótteknum vöxtum. Val er á milli þess að nota beinu eða óbeinu aðferðina við að gera sjóðstreymi, en sé þeirri beinu beitt þá er nauðsynlegt að óbeina aðferðin fylgi með í skýringum fyrir rekstrarhreyfingarnar. Helstu atriði sem geta valdið vafamálum í sjóðstreymi geta verið í skammtímafjárfestingum í skuldabréfum. Þá þarf að skoða hvort þetta sé ávöxtun til skamms tíma sem myndi þá hreyfa handbært fé en annars myndi þetta flokkast sem áhættufjármunir og færi þá í fjárfestingahreyfingar. Annað sem getur verið álitamál er hvar yfirdráttur í banka á að lenda. Þar sem handbært fé getur ekki orðið neikvætt er eðlilegast að setja yfirdráttarheimild á fjármögnunarhreyfingar. Eigi félagið hins vegar pening á bankareikningum sem eru hærrí en yfirdrátturinn, þá er leyfilegt að draga yfirdráttinn frá þeim upphæðum og setja yfir á handbært fé (Heimir V. Haraldsson, og Reikningsskilaráð, 1999).

#### **4.3.1.4 Regla 4-Tekjuskattur**

Reglan um tekjuskatt tekur á hvenær og hvernig á að færa tekjuskatt. Hægt er að færa tekjuskatt á tveimur tímamörkum. Annars vegar þegar til hans er stofnað, sem reikningsskilaráð mælir með og hins vegar þegar hann kemur til greiðslu. Ef hann er færður þegar hann kemur til greiðslu þá þarf að upplýsa í skýringum hvaða tekjuskattsskuldbindingar kunni að hvíla á fyrirtækinu og hvaða reiknaðar skattainneignir það eigi, ef svo er. Ef tekjuskatturinn er hins vegar færður þegar til hans er stofnað þarf að fara eftir leiðbeiningum reglunnar. Tekjuskattsskuldbindingin er reiknuð stærð og er sú upphæð sem greiða þarf í tekjuskatt á síðari tímabilum. Reiknuð skattainneign er hins vegar tekjuskattur sem hægt er að endurheimta síðar vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar, ónotaðs skattafláttar eða yfirfærðs ónýtt taps. (Heimir V. Haraldsson, og Reikningsskilaráð, 1999).

#### **4.3.2 IFRS eftirlit**

Samkvæmt 94. gr. ársreikningalaga (3/2006) er eftirlit með félögum sem skila reikningsskilum sínum eftir alþjóðastöðlum í höndum Ársreikningaskrár. Stofnunin hefur samt sem áður með grein þessari heimild til að leita álits sérfróðra aðila eða getur jafnvel sett eftirlitið í þeirra hendur. Ársreikningaskrá fer með eftirlit yfir fyrirtækjum sem annað hvort er skylt eða kjósa að færa reikningsskil sín eftir IFRS stöðlunum eins og þeir hafa verið samþykktir af framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins. Eftirlitið felst í því að athuga hvort stöðlum IFRS og lögum og reglum sé rétt framfylgt. Sé niðurstaða Ársreikningsskrár sú að reikningsskilin séu ekki í samræmi við önnur lög og IFRS þá getur stofnunin farið fram á að þau sé leiðrétt og að félagið birti opinberlega viðbótarupplýsingar og/eða breytingar. Verði félagið ekki við þeim kröfum getur Ársreikningaskrá birt opinberlega upplýsingar um nauðsynlegar breytingar og jafn vel farið fram á við viðkomandi Kauphöll að tímabundið verði hætt með viðskipti með verðbréf eftirlitsskylda félags. Félögum er skylt að afhenda Ársreikningaskrá öll þau gögn sem geta varðað eftirlit, þar með talin vinnuskjöl sem varða reikningsskil frá stjórn, framkvæmdarstjóra og endurskoðanda eftirlitsskylds félags. Sé þessari upplýsingagjöf ekki sinnt af félaginu hefur Ársreikningaskrá heimild til að leggja á



dagsektir. Ríkið tekur umsýslu- og eftirlitsgjald árlega og er það 100.000 á hvert móðurfélag og 50.000 á hvert dótturfélag (Ríkisskattstjóri, 2017).

29 ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins taka þátt í samráðsvettvangi á vegum European Enforcers Coordination Sessions. Þar eru haldnir fundir þar sem farið er yfir ákvarðanir einstakra eftirlitsaðila og þær skoðaðar út frá IFRS stöðlunum. Þessi samráðsvettvangur var komið á af European Market and Securities Authority og hafa þeir safnað saman ákvörðunum eftirlitsaðila í gagnabanka. Ársreikningaskrá tekur þátt í þessu starfi og er meginhlutverk þess að samhæfa ákvarðanir eftirlitsaðila og tryggja að eftirlitið sé árangursríkt og skilvirkt (Ríkisskattstjóri, 2017).

#### **4.4 Samantekt**

Samkvæmt ársreikningalögum eru tvær tegundir af settum reikningsskilareglum héraendis. Annars vegar geta fyrirtæki farið eftir IFRS stöðlunum, sem fyrirtæki á markaði þurfa að fara eftir, eða hins vegar farið eftir ársreikningalögum, reglugerð og reglum reikningsskilaráðs. En sem komið er hafa íslensk stjórnvöld ekki tekið það upp IFRS-SME staðlana en það var valkvætt fyrir lönd samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins. Kostnaðarsamt er að fylgja flóknum IFRS-stöðlum og líklegt er að flest félag sem ekki skulu lögum skv. fylgja IFRS hér á landi kjósi að fara eftir ársreikningalögum og reglum reikningsskilaráðs.

## 5 Reikningsskilavenjur á Norðurlöndunum

### 5.1 Reikningsskil - söguleg þróun

Vegna sameignlegs bakgrunnar og líkrar efnahags- og samfélagsgerðar ákvað Norðurlandaráðið, sem samanstóð af ráðherrum Finnlands, Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar, að freista þess að stofna skandinavíska markað í byrjun sjöunda áratugarins. Þegar Danmörk ákvað að verða partur af Evrópusambandinu, og var með því skuldbundið þeirra regluverki og hluti af þeim sameiginlega markaði, þá gekk þetta ekki upp. Ákveðið var í staðinn að reyna að samræma lög og reglugerðir sem sneru að efnahags- og viðskiptahliðum ríkjanna. 1969 gaf Norðurlandaráðið út nýja tilskipun fyrir fyrirtæki sem innihélt kafla um reikningsskil. Tilskipunin var hins vegar ekki bindandi nema að hvert land fyrir sig myndi innleiða hana inn í lög sín. Vegna þessarar tilskipunar gerðu öll löndin fjögur breytingar á lögum í sínu heimalandi en tóku þó ekki inn öll atriðin sem tilskipunin innihélt (Agami & Monsen, 1995).

#### 5.1.1 Danmörk

Fyrirtækjalöggjöfin í Danmörku hefur orðið fyrir töluverðum áhrifum frá þýskri og sænskri borgaralegri lagahefð og frá breskri almennri lagahefð. Skatta- og reikningsskila löggjöfin hafa fléttast saman í Danmörku líkt og á hinum Norðurlöndunum. Reikningsskilahefðin byggir að miklu leyti á almennu lagahefðinni, þá er hún blönduð bæði af regluverkinu og stöðlum (Monsen & Wallace, 1995). Fyrstu fyrirtækjalögin í Danmörku voru sett 1917 og innihéldu tvær línur um reikningshald. Lögin voru að mörgu leyti svipuð þeim þýsku, vegna sterkra tengsla landanna tveggja. Lögin voru síðan endurskoðuð 1930 en sem áður var lítið af leiðbeiningum um reikningsskil. Árið 1973 voru lögin svo endurskoðuð aftur og var Danmörk það land af þeim fjórum sem höfðu aðkomu að ráðinu sem gekk einna lengst í að innleiða tilskipunina. Danmörk hafði hins vegar gert fyrstu endurskoðunarlögin árið 1912 og endurskoðað þau svo árið 1990 en að auki komu út tengd lög árið 1959 sem innihéldu einhver skilyrði um ársreikninga. Lögin sem komu út árið 1990 innihéldu mun betri leiðbeiningar um innihald og uppbyggingu á ársreikningum. Þar sem

að Danmörk varð hluti af Evrópusambandinu árið 1973 höfðu reglur sambandsins áhrif á þróunina þar. (Agami & Monsen, 1995).

Danska endurskoðunarráðið hefur verið starfandi síðan árið 1988, gefið út reikningsskila staðla og séð um þýðingu á IFRS stöðlum Alþjóðlega reikningsskilaráðsins. Staðlarnir eru gefnir út bæði á ensku og dönsku fyrir fyrirtæki þar í landi. Samkvæmt endurskoðunarlögunum þurfa fyrirtæki að senda frá sér árlega stöðu um hagnað eða tap og efnahagsreikning en ekki er gerð krafa um að fyrirtæki geri sjóðstreymi, þó flest stór fyrirtæki geri það nú samt sem áður (Agami & Monsen, 1995).

Þegar Norðurlandaráðið gaf út leiðbeiningar sínar var það Danmörk sem tileinkaði sér mest af breytingunum. Síðar voru þeir fyrsta þjóðin til að lögfesta fjórðu tilskipunina. Danmörk sýndi þar enn og aftur að þeir voru fljótir að tileinka sér nýjar reikningsskilavenjur og setja þær í lög. Það er vegna þess að dönsku reikningsskilalögin byggja á tvenns konar lagavenjum. Fyrir land sem byggir á einni lagahefð er umbyltingin svo mikil ef breytingarnar eru byggðar á annarri lagahefð (Monsen & Wallace, 1995).

### 5.1.2 Finnland

Finnland setti fyrstu fyrirtækjalögin sín árið 1895 og í þeim voru fyrirtæki skylduð til að halda bókhald og endurskoða ársreikninga árlega. Mikil fjölgun varð á fyrirtækjum eftir fyrstu heimstýrjöldina og breytingar á skattalögunum árið 1917 gerði það að verkum að aukin þörf varð á reglum um endurskoðun og fyrstu endurskoðunarlögin voru samþykkt árið 1925. Þremur árum seinna voru síðan samþykkt fyrstu ársreikningalögin. Þau lög voru ekki nægilega skýr um hvernig staðið skyldi að vinnunni á ársreikningum og voru því endurskoðuð m.t.t. uppsetningar og framsetningar ársreikninga árið 1945. Árið 1973 voru gefin út endurskoðunarlög út frá tilskipun skandinavíska ráðsins sem gerði fyrirtæki skyldug til að fara eftir viðurkenndum reikningsskilavenjum og síðar sama ár var gefin út reglugerð sem tiltók hvernig ársreikningar skyldu uppbyggðir og hvað þeir skyldu innihalda (Agami & Monsen, 1995). Fyrirtækja- og endurskoðunarlögin í Finnlandi hættu að gagnast finnskum fyrirtækjum eftir því sem markaðurinn þar stækkaði og varð hnattrænn. Fyrirtækin tóku því upp á því að gera tvo ársreikninga, annars vegar eftir lögum landsins og hins vegar eftir stöðlum alþjóða reikningsskilaráðsins. Til að koma á móts við þetta vandamál stofnuðu

finnsk stjórnvöld nefnd til að yfirfara löginn og mæta þörfum markaðsins um ítarlegri reikningsskilavenjur sem hentuðu betur hnattrænum markaði (Agami & Monsen, 1995).

### 5.1.3 Noregur

Í Noregi voru fyrstu fyrirtækjalögin sett árið 1910 og uppfærð árið 1957 og gáfu þau aðeins sýn á hvernig fyrirtæki ættu að sinna reikningsskilum (Agami & Monsen, 1995). Noregur gaf út ný fyrirtækjalög árið 1976 en eftir að leiðbeiningar Norðurlandaráðs komu til þá áttu þau aðeins við hluta fyrirtækja þar í landi. Því voru gefin út ný endurskoðunarlög árið 1977 til að taka á þeim fyrirtækjum sem fyrri löginn náðu ekki til. Endurskoðunarlög voru aðlöguð að fyrirtækjalögunum og þar gefið í skyn að enginn munur væri á (Monsen & Wallace, 1995).

Endurskoðendaráðið í Noregi tók sig til snemma á áttunda áratugnum og þróaði reikningsskilastaðla að eigin frumkvæði. Félag fjárfesta og norskir verðbréfamarkaðurinn voru einnig dugleg að koma með ábendingar um hvernig bæta mætti ársreikninga í norskum fyrirtækjum. Árið 1989 var síðan norska reikningsskilaráðið stofnað og var hlutverk þess að búa til staðla og skýra til að minnka áhættu á vafaatriðum (Agami & Monsen, 1995).

### 5.1.4 Svíþjóð

Svíþjóð var fyrsta Norðurlandþjóðin til að setja á fyrirtækislög en það var gert árið 1848 og hafa þau verið endurskoðuð nokkru sinnum síðar. Svíar voru einnig fyrstir til að setja endurskoðunarlög en þau voru fyrst sett árið 1855 og í þeim kom fram skyldan til að halda bókhald og setja fram efnahagsreikning. Reglur um verðmat voru hins vegar ekki með í fyrstu og komu þær fyrst inn í fyrirtækjalögin þegar þau voru endurskoðuð árið 1910 (Agami & Monsen, 1995).

Árið 1989 var stofnað reikningsskilaráð Svíþjóðar fyrir tilstuðlan Samtaka atvinnulífsins, Endurskoðunarráðs og Samtaka endurskoðenda. Hlutverk ráðsins var að gefa út reikningsskilastaðla. Fyrir þann tíma höfðu leiðbeiningar um bókhald og reikningsskil verið gefin út af mismunandi stofnunum s.s. Samtökum atvinnulífsins og kauphallarnefnd viðskiptasamfélagsins, sem var samvinnunefnd á vegum Viðskiptaráðs Stokkhólms og Samtaka iðnaðarins (Agami & Monsen, 1995).

## 5.2 Norðurlöndin og IFRS

Engin Norðurlanda þjóðanna tók upp tilmæli Norðurlandaráðsins án þess að gera einhverjar breytingar á því. Hins vegar náðist ákveðin samræming milli landanna með henni, nema í Finnlandi. Finnar ákváðu að þeir vildu heldur fara eftir þeirri löggjöf sem þeir höfðu sett heldur en að nýta leiðbeiningar Norðurlandaráðsins. Danmörk gekk hins vegar í Evrópusambandið og síðar fylgdu Finnland og Svíþjóð á eftir og því eru þau lönd bundin af lögum Evrópusambandsins um reikningsskil. Ísland og Noregur urðu síðan skuldbundin til að taka upp lög sambandsins í gegnum EES samningin sem gerður var við EFTA- löndin að Sviss undanskildu.

### 5.2.1 Danmörk

Danmörk fylgir stöðlum IFRS fyrir fyrirtæki á markaði líkt og önnur lönd Evrópusambandsins. Þeir höfðu reyndar boðið upp á það sem valmöguleika áður en þau félög sem voru á markaði urðu skyldug til þess þegar Evrópusambandið lögleiddi staðlana árið 2005. Minni fyrirtæki höfðu enn þann valkost að notast við dönsku reikningsskilareglurnar. Í Danmörku, líkt og hinum Norðurlöndunum, voru því tvö sett af reikningsskilareglum. Danmörk varð síðan að uppfæra ársreikningalögin sín eins og aðrir með tilskipun Evrópusambandsins og í þeirri vinnu var ákveðið að taka upp nýja reikningsskilareglur, byggðar á IFRS-SME stöðlunum. Danir töldu að með því væru þeir að nútímavæða reikningsskilareglur sínar þar sem framtíðarsýnin er að notast við alþjóðlega reikningsskilavenju sem þeir eiga vona á að verði almennt útbreidd (Deloitte, 2017a).

Stjórnvöld geta haft samráð við reikningsskilaráðið við breytingar á reikningsskilalögum, almennum viðmiðunarreglum og því sem varðar bókhald almennt. Reikningsskilaráð hefur tekið þátt í þróun reikningsskilavenja fyrir viðskiptaráðuneytið fyrir minni félög í tengslum við endurskoðun á ársreiknings- og bókhaldslögum (Erhvervsstyrelsen, 2017).

### 5.2.2 Finnland

Finnska reikningsskilavenjan er samofin skattkerfi landsins. Því hefur skattafrádráttur áhrif á hvernig finnsk fyrirtæki skila reikningsskilum sínum en vegna þessa eru fleiri þættir skilgreindir sem rekstrargjöld en t.d. GAAP-US leyfir. Þetta gerir það að verkum að fyrirtæki sem telja fram eftir finnsku reikningsskilavenjunni virðast oft verðminni heldur en þau eru í raun og veru (Global Custodian, 1992).

Finnland þarf að byggja lög sín og reglugerðir um bókhald, endurskoðun og ársreikninga eftir þeim skilyrðum sem tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins segja, sem meðlimur að sambandinu. Finnsla reikningsskilaráðið, sem er undir Efnahags- og atvinnuráðuneytinu er ábyrgt fyrir þróun reikningsskilareglna og leiðbeiningum þess efnis. Nýjasta bókhaldslöggjöfin er síðan 2015 og tekur hún á hvernig ársreikningagerð skuli framkvæmd í Finnlandi og byggir á Evróputilskipun nr. 2013/34/EU. Löggjöfin byggir á IFRS stöðlunum og finnskri reikningsskilavenju eftir því í hvað stærðarflokki félög eru. Finnland hefur ekki tekið upp IFRS-SME og það er ekkert sem bendir þess að þeir ætli sér það í nánustu framtíð (International Federation of Accountants, 2016).

### 5.2.3 Noregur

Norska reikningsskilaráðið var sett á fót af þarlendum stjórnvöldum árið 1998 með það að markmiði að móta reikningsskilareglur fyrir félög sem eru ekki á markaði, lítil eða félög sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Reikningsskilaráðinu var ekki gert að vera stjórnvald heldur var hlutverk þess í upphafi að veita leiðbeinandi reglur. Árið 2014 var síðan tekin ákvörðun um að skipa nefnd til að skoða hvort og þá hvernig reikningsskilavenjur ættu að þróast áfram en einnig til að skoða hvort það ætti að setja lagalega tilvísun í reikningsskilavenjurnar eða jafnvel skipta þeim algjörlega út fyrir settar reikningsskilareglur. Nefndin skilaði fyrsta álitin sínu í lok júní 2015 og þar var mælt með því að reikningsskilavenjur víki fyrir settum reikningsskilareglum. Nefndin taldi það heppilegt fyrir reikningshald í Noregi að vera meira undir stjórn ráðuneytisins, því þannig væri auðveldast að beisla þá hæfni og atorkusemi sem ríkt hefur hjá reikningsskilaráðinu. Því taldi nefndin að ráðuneytið skyldi tilnefna í reikningsskilaráð og niðurstöður þess hefðu lagalega bindandi áhrif með settum reikningsskilareglum. Árið 2016 eyddi reikningsskilaráðið því tíma í að byggja upp setta reikningsskilastaðla, byggða á IFRS og IFRS-SME en þó með aðaláhersluna á sér norsk atriði. Nýir reikningsskilastaðlar hafa því litið dagsins ljós í Noregi en vinnan við þá er ekki búin og heldur áfram út árið 2017 (Regnskapsstandardstyret i Norsk RegnskapsStiftelse, 2017).

### 5.2.4 Svíþjóð

Reikningsskilavenja í Svíþjóð byggir aðallega á tveimur lögum, ársreikningalögum sem voru samþykkt árið 1995 og bókhaldslögum frá árinu 1999. Bæði eru reikningsskilareglur og vísa til almennra reikningsskilaaðferða. Lögin um ársreikninga byggjast á fjórðu, sjöundu

og elleftu tilskipun Evrópusambandsins. Það er síðan í höndum sænsku reikningsskilanefndarinnar, sem er opinber stofnun, að stuðla að þróun almennra reikningsskilaaðferða í Svíþjóð varðandi núverandi skráningu og gerð ársreikninga. Nefndin gefur út almenna ráðgjöf og upplýsingar um bókhald og reikningsskilaaðferðir (Deloitte, 2017c). Svíþjóð hefur nýverið endurskoðað ársreikningalögin sín vegna reglugerðar Evrópusambandsins. Nýju lögin byggja töluvert á þeim eldri og aðal breytingarnar eru vegna reglugerðarinnar, en einnig nýttu þeir tækifærið til að uppfæra málfar og uppsetningu (Slutbetänkande av Redovisningsutredningen, 2015).

### **5.3 Samantekt**

Reikningsskil á Norðurlöndum hafa þróast á sambærilegan hátt. Öll löndin eru skuldbindin til að taka upp hjá sér tilskipanir Evrópusambandsins (Deloitte, 2017c). Hins vegar virðist nú vera breyting á þar sem Noregur og Danmörk virðast líta á IFRS-SME sem framtíðina fyrir félög sem ekki eru á markaði á meðan Svíþjóð og Finnland kjósa að notast við sínar reikningsskilavenjur. Í öllum löndunum virðist reikningsskilaráð hafa töluverða þýðingu.

## 6 Siðgæði við gerð reikningskila

Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar alþingis (2010) hneigðist íslenski viðskiptaheimurinn til að fylgja lagabókstafnum fremur en að fylgja anda laganna. Í raun virtust fyrirtækin í aðdraganda bankahrunsins reyna að komast fram hjá reglunum ef það var hægt og snúa á endurskoðendur og Fjármálaeftirlitið. Hafa verður í huga að lög eru takmörkuð og hlutverk þeirra er að veita lágmarksreglur. Lög eru takmörkuð. Þar sem ákvæðum laga og reglugerða sleppir þarf að nota faglega dómgreind. Lagaákvæði eru einnig oft matskennd og sérfræðingar þurfa að hafa góða siðferðiskennd til að nýta sérfræðipækkingu sína til að taka réttar ákvarðanir.

Fagleg siðfræði endurskoðenda gengur fram yfir siðferði borgara. Vegna þessa er nauðsynlegt að fagfélög endurskoðenda hvetji til siðferðilegrar hegðunar og hugsunar félaga sinna með gerð siðareglna. Hluti af því að vinna eftir faglegu siðferði er að velta fyrir sér öllum mögulegum niðurstöðum fyrir alla hagsmunaaðila, ekki bara viðskiptavininn. Hins vegar getur þetta reynst endurskoðendum erfitt þar sem starf þeirra er oft byggt á óvissu þáttum sem geta valdið siðferðislegri togstreitu (Schroeder, Clark og Cathey, 2014). Þar sem endurskoðunarfyrirtækin eru fá héraendis og gegna bæði stöðu eftirlits og ráðgjafar þá verður togstreita á milli þessara þátta. Ráðgjafahlið endurskoðendafyrirtækja gefur meira af sér og ef eftirlitshliðin fer gegn stjórnendum fyrirtækja þá hefur það áhrif á hvaða þjónustu stjórnendur vilja kaupa af endurskoðunarfyrirtækinu (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010).

Endurskoðendur þurfa sem fagstétt að viðhafa háa siðgæðisviðmið varðandi að gera það sem rétt er og viðurkennt, sem gengur fram yfir almenn lög í landinu og þrönga túlkun þeirra. Þetta er nauðsynlegt svo að tiltrú almennings á endurskoðendur sem heild haldist, burt séð frá hvað einstaklingur það er sem sinnir starfinu. Þegar starfstéttin sjálf krefst hárra siðgæðisstaðla og setur sér siðareglur eykst trú almennings á stéttina sem heild og um leið viðheldur hún háum gæðum í starfi sínu (Schroeder, Clark og Cathey, 2014).



## 7 Lokaorð

Íslendingar hafa horft til hinna Norðurlandanna í uppbyggingu á lögum sem lúta að bókhaldi og reikningsskilum. Þrátt fyrir að hafa oft á tíðum verið á eftir með lagasetningar þá hefur vinnan við lagasetningar hérlendis þegar verið byrjuð þegar lög hafa verið samþykkt á Norðurlöndunum um sama efni. Settar reikningsskilareglur byggja fyrir skráð félög á IFRS stöðlunum í öllum löndunum og eru það því samræmt á milli landanna. Ákvæði ársreikningatilskipunar og reglugerðir ESB gera síðan samsömun settra reikningsskilareglna fyrir önnur félög mikla, þó hún hafi verið lík áður. Það sem vekur hins vegar athygli er misjöfn staða reikningsskilaráðs annars staðar á Norðurlöndunum en hér en ekki hafði verið skipað í reikningsskilaráðið í fjölda ára þegar loks var skipað í það í lok síðasta árs.

Settar reikningsskilareglur hafa þróast á svipaðan hátt hér og á hinum Norðurlöndunum. Sameiginlegt átak Norðurlandaráðs, á sínum tíma, hefur gert það að verkum, þrátt fyrir að það hafi ekki náð öllum markmiðum sínum um sameiginlega markað sem stefnt var að. Átakið skilaði leiðbeinandi reglum en þegar kom að lagasetningu þá ákváðu öll löndin að halda sínum sérreglum að mismiklu leyti, en Finnland ákvað að hafna tillögunni alfarið. Með inngangi í Evrópusambandið og EES samningnum urðu öll fyrirtæki sem höfðu skráð verðbréf á Norðurlöndunum skyldug til að nota IFRS staðlana en settar reikningsskilareglur hvers lands fyrir önnur félög eru ennþá að einhverju leyti byggðar á sérreglum viðkomandi lands. Á síðustu tveimur árum hafa öll löndin verið að gera breytingar á sínum ársreikningslögum í samræmi við ný ákvæði í ársreikningatilskipun ESB. Öll Norðurlöndin hafa sín reikningsskilaráð til að halda utan um og móta settar reikningsskilareglur. Þrátt fyrir að Ísland hafi gert það líka þá virðist hafa verið annað hugarfar hér gagnvart hlutverki reikningsskilaráðsins til skamms tíma.

IFRS staðlarnir voru í upphafi byggðir sem meginreglureikningsskil. Þegar þeir eru síðan festir í lög með bindandi hætti, má þá færa rök fyrir því að þar með hafi þeir raun orðið að reglumiðuðum stöðlum að minnsta kosti hvað varðar heimildina um að víkja frá einstökum ákvæðum þeirra með það að leiðarljósi að ársreikningurinn gefi glögga mynd af þróun efnahags, rekstrar og breytingu á handbæru fé sbr. ákvæði ársreikningslaganna.

Noregur hefur farið þá leið að gefa reikningsskilaráði sínu stjórnvaldsákvörðunarrétt sem gefur reglum þeirra og álitum meira vægi. Þeir eru einnig að vinna að því að gera IFRS-SME staðlana að settum reikningsskilareglum hjá sér, líkt og Danir. Finnar aftur á móti hafa farið aðrar leiðir en hin Norðurlöndin í þróun á sínum reikningsskilavenjum. Þeir hafa þróað sínar reikningsskilavenjur samhliða skattkerfinu sínu og hafa ekki hugsað sér að breyta yfir í SME-staðlana, allavega ekki á meðan þeir eru ennþá valkvæðir hjá Evrópusambandinu.

Störf reikningsskilaráðsins hér á landi fóru vel af stað í fyrstu og vann það að leiðbeinandi reglum um hvernig best væri að standa að reikningsskilum. Eftir tíu ára starf hætti formaður ráðsins þar sem honum líkaði ekki stefna stjórnvalda í endurskoðun á ársreikningalögnum og varð það til þess að ráðið fjaraði út. Stjórnvöld sáu svo ekki tilgang í að skipa aftur í reikningsskilaráð og því fór það þannig að reikningsskilaráð var ekki starfrækt í fimmtán ár. Allan þann tíma var þó tilgreint í lögum að ráðið ætti að vera starfandi og að hlutverk þess væri að móta settar reikningsskilareglur héraendis. Samhliða breytingu á ársreikningslögnum á síðasta ári var ákveðið að skipa á ný í reikningsskilaráð.

Á þeim tíma sem reikningsskilaráð er að fjara út þá er að byrja mikil uppsveifla á Íslandi. Úr henni varð stór bóla sem sprakk með hveli í bankahruninu haustið 2008. Það sem íslenska þjóðin hefur lært af bankakreppunni er mikilvægi viðskiptasiðferðis. Mikið skorti á viðskiptasiðferði í aðdraganda bankakreppunnar, þar sem áhersla virtist hafa verið á að túlka lagabókstafinn eins þröngt og hægt var til þessa að komast upp með hluti tengda viðskiptum og reikningskilum sem voru andstæðir megin inntaki laganna og því sem skilgreina má sem gott og almennt viðurkennt siðferði í samfélaginum. Skortur á siðferði hafði mikil áhrif á hvernig reikningsskil íslenskra fyrirtækja voru á þessum árum og á ákvarðanatöku sem byggði á reikningsskilunum bæði hvað varðar arðgreiðslur, lánveitingar og hlutabréfakaup. Sem betur fer hefur farið fram töluverð umræða um viðskiptasiðfræði árin eftir bankahrunið. Þá umræðu þarf að yfirfæra yfir á umræðu um reikningsskil og mikilvægi þess að við gerð reikningsskila sé í samræmi við það sem skilgreina má sem gott siðgæði, ekki bara þrönga túlkun bókstafs laga, reglna og reikningsskilastaðla.

Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa vísbendingu um að reikningsskilareglur hér á landi hafi ekki staðist samanburð við reikningsskilareglur hinna Norðurlandanna. Það væri áhugavert að skoða frekar þróun reikningsskilaráða Norðurlandanna og störf þeirra miðað við reikningsskilaráð héraendis. Það er jákvætt að búið sé að endurvekja reikningsskilaráð

hérlandis. Tíminn verður svo að leiða í ljós hvort stjórnvöld og viðskiptalífið hafi lært af reynslunni. Varðandi setningu reikningsskilareglna fyrir minni félög getur þróunin orðið á þann veg að Evrópusambandið kjósi að setja IFRS-SME staðlana sem settar reikningsskilareglur fyrir fyrirtæki sem ekki eru í Kauphöllum. Þrátt fyrir það getur verið nauðsynlegt að reikningsskilaráð sé starfrækt í hverju landi fyrir sig. Það skiptir nefnilega ekki máli hvaða reikningsskilastaðlar verða fyrir valinu, engir staðlar geta orðið tæmandi. Því verður alltaf nauðsynlegt að hafa eitthvað stjórnsýslutæki til að gefa frekari leiðbeiningar og taka á vafamálum, aðila sem mótar hvað teljist góð reikningsskilavenja í viðkomandi landi.

## Heimildir

Agami, A., & Monsen, N. (1995). An Appraisal of Efforts by the Nordic Countries Toward Accounting Standards Harmonization. *Journal of International Accounting Auditing & Taxation*, 185-203.

Alfredson, K., Leo, K., Picker, R., Pacter, P., Radford, J., & Wise, V. (2007). *Applying International Financial Reporting Standard*. Milton: John Wiley & Sons Australia, Ltd.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2017). *Atvinnuvegaráðuneytið*. Sótt frá <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/idnadar-og-vidskiptamal/frettir/skipad-i-nytt-reikningsskilarad>

Deloitte. (2017a). IAS Plus – Denmark. Sótt af: <https://www.iasplus.com/en/jurisdictions/europe/denmark>

Deloitte. (2017b). IAS Plus – IFRS in Europe – Background information. Sótt af: <https://www.iasplus.com/en-gb/resources/ifrs-topics/europe/ifrs-in-europe>

Deloitte. (2017c). IAS Plus – Sweden.. Sótt af: <https://www.iasplus.com/en/jurisdictions/europe/sweden>

Erhvervsstyrelsen, (2017). Regnskabsrådet Sótt af: <https://erhvervsstyrelsen.dk/regnskabsraadet>

Félag löggiltra endurskoðenda. (1996). *Handbók Endurskoðenda*. Reykjavík: Höfundur.

Félag löggiltra endurskoðenda. (2011). *Síðareglur fyrir endurskoðendur*. Sótt af: <https://www.fle.is/is/faglegt/sidareglur>

Gannon, D. J. (2005, Spring). International Financial Reporting Standards. (P. A. Casabona, Interviewer)

Global Custodian (1992). The Finnish GAAP. Sótt af: <https://www.globalcustodian.com/Magazine/1992/December-/The-Finnish-GAAP/>

Heimir V. Haraldsson, & Reikningsskilaráð. (1999). Reglur og álit Reikningsskilaráðs. Reykjavík: Reikningsskilaráð.

IFRS foundation (2017). About us - What are IFRS Standards? Sótt af : <http://www.ifrs.org/About-us/Pages/What-are-IFRS.aspx>.

International Accounting Standards Board, (2009) International Financial Reporting Standard for Small and Medium-sized Entities (IFRS for SMEs). Sótt af: <http://www.ifrs.org/IFRS-for-SMEs/Documents/SMEProjectUpdate-Updated-2016.pdf>

International federation of Accountants, (2016). Welcome to IFAC – Finland. Sótt af:

<https://www.ifac.org/about-ifac/membership/country/finland>

Lög um Ársreikninga nr. 3/20106

Lög um Bókhald nr. 195/1994

Minnisblað nr. 1269/2015–2016. Frumvarp til laga um breytingu ársreikningalögum, nr. 3/2006, með síðari breytingum. Frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.

Monsen, N., & Wallace, W. (1995). Evolving Financial Reporting Practices: A Comparative Study of the Nordic Countries' Harmonization Efforts. *Contemporary Accounting Research*, 11(2), 973-997

Morgunblaðið. (27. febrúar 2003). Sótt af:  
[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2003/02/27/segir\\_reikningsskilarad\\_bera\\_litla\\_virdingu\\_fyrir\\_l/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2003/02/27/segir_reikningsskilarad_bera_litla_virdingu_fyrir_l/)

Rannsóknarnefnd Alþingis. (2010). Viðauki 1, Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritsj.), Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir (8. Bindi). Sótt af: <https://www.rna.is/eldri-nefndir/addragandi-og-orsakir-falls-islensku-bankanna-2008/skyrsla-nefndarinnar/bindi-8/vidauki-1/>

Regnskapsstandardstyret i Norsk RegnskapsStiftelse (2017). Årsrapport 2016. Oslo: Höfundur.

Ríkisskattstjóri, (2017). Ársreikningaskrá - alþjóðlegir reikningsskilastaðlar. Sótt af: <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/arsreikningaskra/althjodlegir-reikningsskilastadlar>

Schroeder, R., Clark, Myrtle, & Cathey, Jack M. (2014). Financial accounting theory and analysis : Text readings and cases. (11th ed.). Hoboken, NJ: Wiley.

Signý Magnúsdóttir, og Helgi Einar Karlsson, (2016). Vangaveltur um Reikningsskilaráð. FLE Blaðið, 21.

Stefán Svavarsson, (1995). Um Þróunn Reikningsskila Fyrirtækja. Afmælisrit-Félaglöggitra endurskoðenda 1935-1995. Reykjavík: Félag löggiltra endurskoðenda.

Slutbetänkande av Redovisningsutredningen, (2015). En översyn av årsredovisningslagarna. Stockholm: Höfundur.

Umsögn nr. 847/2015–2016. Frumvarp til laga um breytingu ársreikningalögum, nr. 3/2006, með síðari breytingum. Frá Félagi atvinnurekenda.

Umsögn nr. 858/2015–2016. Frumvarp til laga um breytingu ársreikningalögum, nr. 3/2006, með síðari breytingum. Frá Ríkisskattstjóra.

Umsögn nr. 866/2015–2016. Frumvarp til laga um breytingu ársreikningalögum, nr. 3/2006, með síðari breytingum. Frá Viðskiptaráð Íslands.

Umsögn nr. 871/2015–2016. Frumvarp til laga um breytingu ársreikningalögum, nr. 3/2006, með síðari breytingum. Frá Fjármálaeftirlitinu.

Umsögn nr. 875/2015–2016. Frumvarp til laga um breytingu ársreikningalögum, nr. 3/2006, með síðari breytingum. Frá Samtökum atvinnulífsins.

Umsögn nr.1048/2015–2016. Frumvarp til laga um breytingu ársreikningalögum, nr. 3/2006, með síðari breytingum. Sigurjóni Bjarnasyni fyrir Félag bókhaldsstofa.

Umsögn nr. 1328/2015–2016. Frumvarp til laga um breytingu ársreikningalögum, nr. 3/2006, með síðari breytingum. Frá Ríkisskattstjóra.

Unnar Friðrik Pálsson, (2016). Breytingar á Lögum um Ársreikninga. FLE Blaðið, 31-33.

Utanríkisráðuneytið, (2017). Hugtakasafn þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins. Sótt af: <http://www.hugtakasafn.utn.stjr.is/hugtak.adp?id=10199>

Weygandt, J. J., Kimmel, P. D., & Kieso, D. E. (2014). Accounting Principals. Hoboken: Wiley.

Wüstemann, J., & Wüstemann, S. (24. Februar 2010). Why Consistency of Accounting Standards Matters: A Contribution to the Rules-Versus-Principles Debate in Financial Reporting. Sótt frá Wiley Online Libar.